

KJARASAMNINGUR

milli

Eflingar-stéttarfélags

og

Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.

Gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024

1. kafli Gildissvið

- 1.1. Samningur þessi tekur til allrar vinnu verkamanna og verkakvenna, almennrar og sérhæfðrar, sem tilgreind er í samningi þessum og unnin er hjá Malbikunarstöðinni Höfða hf.

2. kafli Forgangsréttur

- 2.1. Malbikunarstöðin Höfði hf. skuldbindur sig til þess að láta félagsmenn sem eru gildir meðlimir í Eflingu-stéttarfélagi hafa forgangsrétt til allrar almennrar og sérhæfðrar verkamannavinnu, þegar þess er krafist og félagsmenn bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu sem um er að ræða.
- 2.2. Malbikunarstöðin Höfði hf. hefur ávallt frjálst val um það hvaða félagi úr Eflingu-stéttarfélagi fyrirtækið ræður til vinnu. Nú vill Malbikunarstöðin Höfði hf. ráða til vinnu mann sem ekki er þá þegar félagi í Eflingu-stéttarfélagi og skal þá félaginu skylt að veita þeim manni inngöngu, enda fari það ekki í bága við samþykktir félagsins.

3. kafli Kaup

- 6.1.1. Fast mánaðarkaup starfsmanns sem gegnir fullu starfi skal svo sem greinir í meðfylgjandi launatöflu: Fylgiskjal I.
- 6.1.2. Föst laun hvers starfsmanns í fullu starfi samkvæmt samningi þessum svarar til 173,33 vinnustunda að meðaltali á mánuði.
- 6.1.3. Tímakaup í dagvinnu skal fundir með því að deila í mánaðarkaup með 173,33. Dagkaup finnst með því að deila með 21,67 í mánaðarkaup.
- 6.1.4. Starfsaldurshækkunar launa: Sjá Fylgiskjal I. með samningnum.
- 6.1.5. Við ákvörðun starfsaldurs skal taka tillit til starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum við hliðstæða vinnu. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið 3 ár.
- 6.1.6. Í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að beita ákvæðum greina 3.3. og 3.3.1. skal við mat á starfsaldri meta önnur störf til starfsaldurs miðað við lífaldur, enda sé ekki um tvítalningu að ræða.
22 ára aldur 1 ár 24 ára aldur 3 ár
- 3.4.3. Starfsmenn í árstíðabundinni vinnu hækka í starfsaldursþrepum miðað við fjölda unninna mánaða. Sbr. Fylgiskjal I - launatöfluna.
- 6.2. Launaflokkar. Röðun starfsheita í launaflokka skal vera sem hér segir: Sjá Fylgiskjal I.
- 3.5. Yfirvinnukaup.**
 - 3.5.1. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum starfsmannsins.
 - 3.5.2. Yfirvinna sem unnin er á stórhátíðardögum greiðist með tímakaupi sem er 1,375% af mánaðarlaunum starfsmannsins.
- 3.6. **Óþrifaálag.** Greiða skal sérstakt óþrifaálag (bónus) þegar unnið er á tjörubíl eða fræsara. Álagsgreiðsla (bónus) þessi er kr. 206,00 á hverja unna klst.(m.v. nóvember '22) við þessi störf. Óþrifaálag tekur almennum launabreytingum.
- 3.7. **Desemberuppbót – Orlofsuppbót.**
Sjá fjárhæðir í launatöflunni.
Uppbótin greiðist eigi síðar en 15. desember ár hvert, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi í fyrstu viku desember. Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að uppgjörstímabil sé frá 1. desember til 30. nóvember ár hvert í stað almanaksárs.
 - 3.7.1. Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:
Sjá fjárhæðir í launatöflunni.

- Uppbótin greiðist þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum m.v. 30.apríl eða eru í starfi 1. maí.
- 3.7.2. Desember- og orlofsuppbót innifela orlof, eru fastar tölur og taka ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum.
- 3.7.3. Áunna desember- og orlofsuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótanna.
- 3.8. Ráðningarháttur og greiðsla launa.** Skriflegur ráðningarsamningur skal gerður við starfsmann innan tveggja mánaða frá upphafi starfs.
- 3.8.1. Nú er gerður skriflegur ráðningarsamningur eða ráðning staðfest skriflega við starfsmann til ákveðins tíma og þarf þá ekki að segja honum upp starfi heldur lýkur ráðningu hans sjálfkrafa við hinn fyrirfram ákveðnu tímamörk. Verði um áframhaldandi starf að ræða skal gerður nýr samningur.
- 3.8.2. Laun eru greidd inn á innlánsreikning starfsmanns enda stofni hann til slíks reiknings við þá peningastofnun er hann óskar.
- 3.8.3. **Reglur um kaupgreiðslur.** Mánaðarlaun eru greidd eftir fyrsta virka dag hvers mánaðar næst á eftir vinnumánuði. Önnur laun s.s. yfirvinna önnur tímavinnulaun, vaktaálög, ferðakostnaður, akstursgjald og aðrar greiðslur eru greiddar eftir fyrir tímabilið frá 16 degi mánaðar til 15 dags mánaðar næst á undan greiðsludegi.
- 3.8.4. Á launaseðlum sem fylgja kaupgreiðslum, verði greiðslan sundurliðuð, s.s. í dagvinnu, yfirvinnu, bónus, vaktaálög og vinnu á stórhátíðardögum, einnig verði allur frádráttur sundurliðuður. Þar komi einnig fram áunnir orlofstímar og uppsafnaður frítökuréttur.
- 3.8.5. **Launahækkningar á samningstímabilinu:** Á samningstímabilinu hækka launin: Kauptaxtar kjarasamnings aðila hækka frá 1. Nóvember 2022, **Sjá fjárhæðir í launatöflu.**
Mánaðarlaun þeirra sem ekki fá laun eftir launatöflu hækka um 33.000 krónur frá 1. nóvember 2022

4. kafli Vinnutími

- 4.1. Vinnutími samkvæmt samningi þessum er frá kl. 07.30 til 15.30 mánudaga til fimmtudaga en kl. 07.30-15.05 föstudaga og hefur þá verið tekið tillit til styttingar viðverutíma vegna niðurfellingar kaffitíma og styttingar matartíma. Áfram skal þó heimilt að neyta kaffis á vinnustað, enda stöðvist vinna ekki á meðan. Matartími verði 30 mín. á tímabilinu frá kl. 11.30 til 13.30.

Virkur vinnutími almennrar vinnuviku er 37 klst. og 5 mín. Kaffitímar sem falla innan dagvinnutíma vikunnar eru samtals 2 klst. og 55 mín.

- | | |
|---|--|
| 4.2. Sérstakir frídagar:
Skírdagur
Annar í páskum
Sumardagurinn fyrsti
1. maí
Uppstigningardagur
Annar í Hvítasunnunni
Frídagur verslunarmanna
Annar í jólum | Stórhátíðardagar:
Nýársdagur
Föstudagurinn langi
Páskadagur
Hvítasunnudagur
17. júní
Aðfangadagur jóla eftir kl. 12.00
Jóladagur
Gamlársdagur eftir kl. 12.00 |
|---|--|
- 4.3. **Yfirvinna.** Yfirvinna telst sú vinna sem fram fer utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns svo og vinna sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu þótt á dagvinnutímabili sé.
- 4.3.1. Óheimilt er að skrá starfsmann úr vinnu þegar komið er að matar- eða kaffitíma í yfirvinnu að undanskildum kvöldmatartíma. Skulu þá þeir matar- og kaffitímar greiðast til viðbótar unnum tíma.

Vinna í hádegismatartímum greiðist með yfirvinnukaupi og hefur ekki áhrif á regluna um heil og hálf daglaun.

- 4.3.2. **Hálf og heil daglaun.** Fyrir hvern byrjaðan vinnudag greiðast hálf daglaun og full daglaun sé unnið meira en hálfan daginn og gildir það jafnt virka daga sem helgar.

Hádegisverðarhlé skiptir vinnudegi þótt vinnutími fyrir og eftir hádegi sé mislangur.

- 4.3.3. **Yfirvinna í hlutastarfi.** Hafi starfsmaður skv. lögum eða samningi skemmri vinnuskyldu en gert er ráð fyrir í grein 4.1. skal vinna umfram hana greidd skv. 4.3.
- 4.4. **Útköll.** Þegar starfsmaður er kvaddur til vinnu eftir að yfirvinnutímabil er hafið sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal hann fá greitt yfirvinnukaup fyrir a.m.k. fjórar klst. nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan tveggja klst. frá því hann fór til vinnu en þá greiðist framangreint kaup frá upphafi útkalls fram til þess að reglulegur vinnutími hefst.
- 4.4.1. Nú hefur starfsmaður unnið allan daginn og er kallaður út aftur eftir tvo tíma eða fyrr og skal hann þá halda kaupum svo sem um samfelldan tíma hafi verið að ræða.
- 4.4.2. Ef útkall sem raskar ró starfsmanns, á tímabilinu frá kl. 00.00 til 06.00 er afturkallað, skal greiða starfsmanni yfirvinnukaup fyrir eina klukkustund.
- 4.5. **Bakvaktir.** Sé nauðsynlegt að hafa sérstakar bakvaktir gildir eftirfarandi:
- 4.5.1. Með bakvakt er átt við að starfsmaður sé ekki við störf en tilbúinn að sinna útkalli.
- 4.5.2. Það telst ekki útkall sem unnið er í framhaldi af greiddum tíma. Sé starfsmaður á bakvakt kallaður til starfa, ber honum yfirvinnukaup fyrir þann tíma sem unnin er, þó aldrei minna en 2 klst. fyrir útkall.
- 4.5.3. Þóknun fyrir hverja klst. á bakvakt skal vera sem hér segir:
Vaktaálag 33,33% af dagvinnukaupi, greiðist frá lokum dagvinnu til 24.00 virka daga.
Vaktaálag 45% af dagvinnukaupi greiðist frá kl. 24.00 til kl. 07.00 svo og á laugardögum og sunnudögum. Sama gildir á sérstökum frídögum öðrum en stórhátíðardögum.
Vaktaálag 90% af dagvinnukaupi greiðist á stórhátíðardögum.
Brot úr klukkustund greiðist hlutfallslega. Vaktaálag fellur niður þann tíma sem yfirvinna er greidd.
- 4.5.4. Ákvörðun um að taka upp vaktir og slíta þeim skal tekin og tilkynnt starfsmönnum með minnst tveggja vikna fyrirvara.
- 4.6. **Vaktavinna við saltdreifingu og snjómokstur.**
- 4.6.1. Tilhögun. Mánudaga til föstudaga er unnið á tveimur föstum vöktum á tímabilinu kl. 04.00 til 23.00. Laugardaga og sunnudaga verða ekki fastar vaktir heldur hluti starfsmanna á bakvakt.
- 4.6.2. Vaktafyrirkomulag: Morgunvakt kl. 04.00 til 12.30. Kvöldvakt kl. 12.30 til 23.00.
- 4.6.3. Tímaskrift.
Morgunvakt dv. 8 st. + 33,33% álag + 2 yfirvinnustundir mánudag til föstudags.
Kvöldvakt dv. 8 st. + 33,33% álag + 2 yfirvinnustundir mánudag til föstudags.
Öll vinna umfram þessar vaktir greiðist með yfirvinnukaupi. Breytingar milli morgun- og kvöldvakta skulu fara fram vikulega á mánudögum. Bakvakt á laugardögum og sunnudögum greiðist með 45% álagi af dagvinnukaupi. Skulu þær framkvæmdar þannig að morgunvakt föstudags sinnir bakvakt báða dagana og byrjar á kvöldvakt á mánudag.
- 4.6.4. Komi starfsmaður of seint til vinnu á hann ekki kröfu til kaups fyrir þann stundarfjórðung sem hann mætir í, né fyrir þann tíma sem áður er liðinn.
- 4.6.5. Ákvörðun um að taka upp vaktir og slíta þeim skal tekin og tilkynnt starfsmönnum með minnst tveggja vikna fyrirvara.
- 4.7. Lágmarkshvöld og vikulegur frídagur. Samkvæmt kjarasamningi Eflingar og Samtaka atvinnulífsins.

5. kafli Matar- og kaffitímar

5.1. Matar- og kaffitímar á dagvinnutímabili.

- 5.1.1. Starfsmenn eiga rétt á matarhléi, ½ klst. á tímabilinu frá kl. 11.30 til 13.30 og telst hann ekki til vinnutíma.
- 5.1.2. Fastir kaffitímar eru engir, enda hefur brottfall þeirra verið reiknað til styttingar á daglegum vinnutíma. Þó er starfsmönnum heimilt að taka kaffihlé ef þannig stendur á, enda stöðvist vinna ekki af þeim sökum.
- 5.2. Matar- og kaffitímar í yfirvinnu.**
- 5.2.1. Sé unnin yfirvinna skulu matartímar vera kl. 19.00-20.00 og kl. 03.00-04.00.
- 5.2.2. Sé unnin yfirvinna skulu kaffitímar vera kl. 23.00-23.15 og kl. 05.00-05.15.
- 5.2.3. Matar- og kaffitímar í yfirvinnu á tímabilinu kl. 07.00-17.00 skulu vera þeir sömu og í dagvinnu.
- 5.2.4. Matar- og kaffitímar í yfirvinnu teljast til vinnutíma.
- 5.2.5. Hefji starfsmaður vinnu einni klst. eða fyrr, áður en dagvinna hefst, skulu síðustu 15 mínúturnar vera kaffitími.
- 5.3. Í matar- og kaffitímum skal því aðeins unnið að starfsmaður sé fús til þess. Sé samkomulag um að vinna í matar- og/eða kaffitíma, skal greiða hann til viðbótar vinnutímanum með yfirvinnukaupi og skal það einnig gert þótt skemur sé unnið.

6. kafli Orlof

- 6.3. **Lágmarksorlof.** Sumarleyfi starfsmanna skal vera 24 virkir dagar sem veita ber á tímabilinu 2. maí til 30. september. Miðað við 24 virka daga eru orlofslaun 10,17%.
- 6.4. Viðbótarorlof**
- 6.4.1. Starfsmenn sem hafa unnið hjá Malbikunarstöðinni Höfða í 5 ár skulu eiga rétt á orlofi í 27 virka daga - þar af 3 dagar, 24 vinnuskyldustundir, vetrarorlof. - Orlofslaun eru 11,59%.
- 6.4.2. Starfsmenn sem hafa unnið hjá Höfða í 10 ár skulu eiga rétt á orlofi í 30 virka daga – þar af 6 dagar, 48 vinnuskyldustundir, vetrarorlof. - Orlofslaun eru 13,04%.
- 6.4.3. Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt hjá fyrri vinnuveitanda fær hann að nýju eftir 3 ár hjá Malbikunarstöðinni Höfða, enda hafi rétturinn verið staðreyndur við ráðningu.
- 6.5. Orlofsréttur viðbótarorlofs og vetrarorlofs reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð.
- 6.4. Orlofsfé**
- 6.4.1. Starfsmaður fær greitt orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur miðað við orlofsrétt sinn.
- 6.4.2. Starfsmaður á föstum mánaðarlaunum fær greidd dagvinnulaun í orlofi, miðað við meðaltal starfshlutfalls á orlofsárinu.
- 6.4.3. Orlofsfé, miðað við orlofsrétt starfsmanns, er sem hér segir:
24 dagar 10,17% 27 dagar 11,59% 30 dagar 13,04%
- 6.5. Orlof utan sumarleyfistíma**
- 6.5.1. Sumarorlof er 24 virkir dagar, sem veita ber á tímabilinu 2. maí - 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara.
- Þeir sem að ósk atvinnurekanda fá ekki 24 orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% álagi á það sem á vantar 24 dagana.
- 6.6. **Veikindi eða slys í orlofi**
- 6.6.1. Veikist starfsmaður hér innanlands það alvarlega að hann getur ekki notið orlofsins, skal hann á fyrsta degi t.d. með símskeyti, tilkynna yfirmanni sínum um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggist fá læknisvottorð. Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES-svæðisins það alvarlega að það leiði til sjúkráhusvistar. Fullnægi hann tilkynningaskyldunni og standi veikindin samfellt lengur en þrjá daga innanlands eða 6 daga innan EES-svæðisins á starfsmaður rétt á uppbótarorlofi í jafn langan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

- 6.6.2. Uppbótarorlof samkv. 6.6.1. skal veitt eftir því sem kostur er, á þeim tíma sem starfsmaður óskar, á tímabilinu 2. maí til 30. sept., nema sérstaklega standi á.
- 6.7. **Greiðsla orlofs við andlát.** Greiða skal dánarbúi áunninn orlofsrétt látins starfsmanns.
- 6.7. **Betri orlofsréttur.** Starfsmenn sem hafa áunnið sér fleiri orlofsdaga en að ofan greinir skulu halda þeim rétti.

7. kafli Laun í veikinda- og slysatilvikum

7.1 Laun í veikindum og slysum utan vinnustaðar

- 7.1.1. Á fyrsta starfsári hjá Malbikunarstöðinni Höfða hf. skal starfsmaður eigi missa neins af launum, í hverju sem þau eru greidd, í tvo daga fyrir hvern unninn mánuð í veikinda- og slysatilvikum, auk réttar til dagvinnulauna skv. grein 7.3.

Sjá sérákvæði í gr. 7.2.1. sem gildi um veikindarétt þeirra sem vinna við kaupaukakerfi.

- 7.1.2. Starfsmaður sem ráðinn hefur verið hjá Höfða í eitt ár samfellt, skal er hann forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, í einn mánuð.
- 7.1.3. Eftir tveggja ára samfellt starf hjá Höfða skal hann auk þess sem segir í 7.1.2, halda dagvinnulaunum sínum í einn mánuð; og í tvo mánuði eftir þriggja ára samfellt starf.
- 7.1.4. Eftir fimm ára samfellt starf greiðist 1 mán. með staðgengilskaupi, 1 mán. með fullu dagvinnukaupi (þ.e. dagvinnu, bónus og vaktaálög) og 2 mán. á dagvinnulaunum.
- 7.1.5. Starfsmaður sem öðlast hefur 4mán. veikindarétt hjá fyrri atvinnurekanda heldur 2mán. veikindarétti (1mán. á staðgengilskaupi og 1mán. á dagvinnulaunum). Fullan veikindarétt öðlast starfsmaður eftir 3 ára samfellt starf hjá Höfða.

7.2. Kaupauki við veikindi og slys

- 7.2.1. Kaupauki greiðist ekki í veikinda- og slysatilfellum en fastir starfsmenn, sem að staðaldri vinna samkvæmt sérsamningum um kaupauka, skulu í veikinda- og slysatilfellum halda dagvinnukaupi og kaupi vegna fastrar yfirvinnu í einn mánuð til viðbótar því sem samningar og lög kveða á um. Starfsmenn á fyrsta ári eiga rétt á þrem veikindadögum fyrir hvern unninn mánuð.

7.3. Laun í vinnuslysum og atvinnusjúkdómum

- 7.3.1. Starfsmaður sem forfallast frá vinnu vegna slyss við vinnuna, á beinni leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma sem orsakast af henni, skal fá greidd laun fyrir dagvinnu í allt að 3 mánuði samkvæmt þeim launaflokki og starfsaldursþrepi, sem viðkomandi tók laun eftir.
- 7.3.2. Auk þeirra réttinda sem starfsmaður nýtur samkvæmt greinum 7.1.1., 7.1.2 og 7.1.3 skal hann er forföll stafa af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi, halda dagvinnulaunum í allt að þrjú mánuði eins og segir í grein 7.3.1.
- 7.3.3. Við vinnuslys ber fyrirtækið allan kostnað sem af slysinu leiðir. Svo sem flutning til heimilis/sjúkrahúss, lyf, hjálpartæki og allan annan kostnað en þann sem slysa-tryggingar almannatrygginga bæta.

- 7.4. **Læknisvottorð** Ef starfsmaður forfallast og getur af þeim sökum ekki sótt vinnu, skal hann þegar tilkynna það yfirmanni sínum sem ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist. Krefjast má læknisvottorðs af starfsmanni, enda greiðir fyrirtækið slík vottorð.

7.5. Starfsaldur í veikindum og fæðingarorlofi

- 7.5.1. Sá tími, allt að 6 mánuðir, sem starfsmaður er frá vinnu vegna veikinda, telst til starfstíma hans við mat á starfsaldri til veikinda- og orlofsréttar skv. greinum 7.1 til 7.3.
- 7.5.2. Eftir tveggja ára starf hjá Malbikunarstöðinni Höfða teljast fjarvistir vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum til starfstíma við mat á rétti til aukins orlofs skv. kjarasamningum, útreikningi desemberuppbotar, orlofsuppbotar, veikindaréttar og uppsagnarfrests.
- 7.7.3. Fæðingarorlof allt að 6 mánuðum telst til unnins tíma við útreikning orlofsréttar, þ.e. réttar til frítöku en ekki orlofslauna.

7.6. Veikindi barna

- 7.6.1. Á fyrsta starfsári hjá sama vinnuveitanda skal foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð, þangað til rétturinn verður 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili, til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið, og halda þá dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við. Sama á við um börn undir 16 ára aldri þegar veikindi eru það alvarleg að þau leiði til sjúkrahúsvistar í a.m.k. einn dag.
- 7.6.2. Með vísan til reglna um greiðslur vegna veikinda barna er það sameiginlegur skilningur aðila að með foreldri sé einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.
- 7.7. **Greiðsluháttur.** Útborganir veikindalauna verða með sama hætti og á sama tíma og aðrar launagreiðslur. Greiðsla útlagðs kostnaðar vegna vinnuslysa/atvinnusjúkdóma og vegna tjóna á munum og fatnaði fer fram við framvísun reiknings.

8. kafli Atvinnuslysatriggingar

- 8.1. Hér gilda ákvæði aðalkjarasamnings Eflingar og SA. – En verði um að ræða almenna endurskoðun á tryggingum opinberra starfsmanna á gildistíma þessa samnings mun Höfði hf. óska eftir viðræðum við Eflingu um endurskoðun á reglum um atvinnuslysatriggingar.

9. kafli Fæði og mötuneyti

- 9.1. Malbikunarstöðin Höfði hf. hefur mötuneyti fyrir starfsmenn sína og greiðir allan rekstrarkostnað þess. Starfsmenn greiða hins vegar efnisverð matarins.
- 9.2. Þegar vinnuflokkar eru við störf utan starfsstöðvar fyrirtækisins hafa þeir með sér vinnuskúr sem viðurkenndur er af aðilum og fullnægir kröfum heilbrigðiseftirlits. Þangað skal fyrirtækið senda verkamönnum mat eða flytja menn til og frá matarstað í vinnutíma.
- 9.3. Þegar starfsmenn eru sendir til vinnu utanbæjar sér Höfði þeim fyrir fæði.

10. kafli Vinnusókn og ferðir

- 10.1. Utan aksturstíma almenningsvagna sér Malbikunarstöðin Höfði starfsmönnum sínum fyrir ferðum að og frá vinnustað.
- 10.2. Vinnutími verkamanna telst vera frá því að þeir koma til vinnu og þar til þeir hætta vinnu, að frádrögnum hádegismatartíma. Þetta gildir ef unnið er innan svæðis sem afmarkast af leiðakerfi SVR í Reykjavík að Kjálarnesi undanskildu og AV í Kópavogi.
- 10.3. Sé unnið utan þessara marka er skylt að flytja starfsmenn til og frá vinnustað í vinnutíma.

11 kafli Aðbúnaður og hollustuhættir

- 11.1. Hér gilda ákvæði kjarasamnings Eflingar og Samtaka atvinnulífsins.

12. kafli Vinnufatnaður

- 12.1. Starfsmanni skal lagður til almennur vinnufatnaður og sérstakur hlífðarfatnaður honum að kostnaðarlausu eftir því sem greint er nánar í þessum kafla.
- 12.2. Fatnaðurinn er eign Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Við nýja úthlutun skal seinasta fatnaði skilað, svo og þegar ráðningu lýkur.
- 12.3. Við upphaf starfs og síðan eftir þörfum leggur fyrirtækið starfsmönnum til almennan vinnufatnað: Fóðraðan jakka, buxur, skyrtu, og öryggisskó, einnig vinnuvettlinga, skinn-, rafsudu-, gúmmíhanska.
- 12.4. Tegund hlífðarfatnaðar ákvarðast með tilliti til starfs.
- 12.5. Starfsmanni skal lagður til samfestingur eða tvískiptur vinnufatnaður eftir því sem þörf krefur vegna starfans.
- 12.5. Starfsmaður í útivinnu skal fá regngalla eftir þörfum.

- 12.6. Við útvinnu að vetrarlagi skal starfsmaður fá sérstakan hlífðarfatnað.
- 12.7. Þegar starfsmaður verður að bera öryggishjálmi í kulda eða við sambærilegar aðstæður, skal einnig leggja honum til hjálmhettu.
- 12.8. Þar sem öryggisaðstæður krefjast, skal hlífðarfatnaður starfsmanns vera í sterkum lit og með endurskinsmerkjum þar sem slíkt á við.
- 12.9. Í óþrífatívikum þar sem verkefni eða vinnustaður er t.d. mengaður tjöru eða olíu og orsakar óvenjulega óhreinkun eða slit vinnufatnaðar svo sem þegar unnið er við óþrífalega vinnu t.d. með rykbindiefni, við klæðningu vega eða tjöruvinnu, skal starfsmaður fá sérstakan hlífðarfatnað svo sem þörf krefur.
- 12.10. Starfsmönnum við ræstingarstörf er lagður til hlífðarfatnaður og gúmmíhanskar.
- 12.11. Starfsmaður skal ávallt vera snyrtilegur til fara og klæðast óskemmdum fatnaði til að minnka slyshættu á vinnustað. Fyrirtækið sér um hreinsun, þvotta og viðgerðir á fatnaði í þess eigu. Starfsmaður skal fara vel með fatnað sem honum er úthlutað.

12.12. Tjón á persónulegum munum

- 12.12.1. Verði starfsmaður sannanlega fyrir tjóni á algengum nauðsynlegum fatnaði og munum við framkvæmd vinnu sinnar, svo sem úri, gleraugum o.s.frv., skal það bætt eftir mati.

Vanræksla starfsmanns á notkun viðeigandi hlífðar- og öryggisbúnaðar getur leitt til missis bóta vegna tjóns hans á persónulegum munum skv. greinum 12.12.1.

- 12.12.2. Verði starfsmaður fyrir eignatjóni er orsakast af bruna á vinnustað hans, skal það bætt eftir mati, enda sé um að ræða algengan fatnað og muni sem tíðkast að geyma á vinnustað mannsins.

13. kafli Uppsagnarfrestur og endurráðning

- 13.1. **Uppsagnarfrestur.**
Fyrstu tvær vikurnar í starfi er enginn uppsagnarfrestur.
- 13.2. Eftir tveggja vikna samfelld starf er uppsagnarfrestur 12 almanaksdagar.
Eftir þriggja mánaða samfelld starf er uppsagnarfrestur 1 mánuður m.v. mánaðamót.
Eftir tveggja ára samfelld starf er uppsagnarfrestur 2 mánuðir m.v. mánaðarmót.
- 13.3. Eftir þriggja ára samfelld starf er uppsagnarfrestur 3 mánuðir m.v. mánaðamót.
- 13.4. **Uppsagnarfrestur eftir tíu ára samfelld starf.** Sé starfsmanni sagt upp, eftir 10 ára samfelld starf hjá fyrirtækinu, er uppsagnarfrestur 4 mánuðir ef starfsmaður er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir ef hann er orðinn 63 ára. Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.
- 13.5. **Uppsögn** af beggja hálfu skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót.
- 13.6. **Áunnin réttindi**
 - 13.6.1. Áunnin réttindi skulu haldast við endurráðningu innan eins árs. Á sama hátt skulu áunnin réttindi taka gildi á ný eftir eins mánaðar starf ef endurráðning verður eftir meira en eitt ár en innan þriggja ára; við endurráðningu eftir meira en þriggja ára starfshlé en skemmra en fimm ár nýtur starfsmaður áunninna réttinda eftir þriggja mánaða starf.
 - 13.6.2. Hafi starfsmaður betri kjör en samningur þessi greinir skulu þau haldast.
- 13.7. **Hópuppsagnir.** Hér gilda ákvæði kjarasamnings Eflingar og Samtaka atvinnulífsins.

14. kafli Iðgjaldaskil

- 14.1. Um innheimtu félags- og lífeyrissjóðsiðgjalda (sameign og séreign). Greiðsla mótfamlaga og til sjúkra- og orlofssjóðs sem og fræðslusjóðs og skil þessara gjalda. Hér gilda ákvæði í aðalkjarasamningi Eflingar og Samtaka atvinnulífsins.

15. kafli Gildistími Önnur ákvæði

- 15.1. Samningur þessi gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.
- 15.2. Samningur þessi byggir á sömu forsendum og endurskoðunarákvæðum og aðalkjarasamningur Eflingar og SA. Komi til þess að launaliðir aðalkjarasamningsins verði

endurskoðaðir á samningstímanum og sú endurskoðun leiði til hækkunar þeirra, skal taka tillit til launahækkana í þessum samningi að því leyti sem þær kunna að vera umfram hækkanirnar í aðalsamningnum.

- 15.3. Um önnur ákvæði en í samningi þessum greinir fer eftir aðalkjarasamningi Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins.

Reykjavík, 29. mars 2023.

F.h. Eflingar-stéttarfélags

F.h. Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.

<u>BÓNUS:</u>	Magn	Einingar	Kr./einingu
Framleiðsludeild	tonn	tonn/84	1. Nóv 2022 242
Hráefnadeild	tonn	tonn x 0,16/menn	242
Framkvæmdadeild	tonn	tonn/45	242
Framkvæmdadeild		verklok	403
Framkvæmdadeild	bílstjórar,	sjá Viðauka I	3. og 4. grein.

Viðauki I

Samningur um kaupaukakerfi Malbikunarstöðin Höfði hf.

1. gr. Samningsaðilar

Samningur þessi er á milli Eflingar-stéttarfélags annars vegar og Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. hins vegar.

Samningurinn nær til þeirra sem nú vinna skv. kaupaukakerfi. Samningurinn skal einnig ná til þeirra starfshópa, þar sem kaupaukakerfi kann að verða tekið upp á samningstímanum.

2. gr. Markmið

Markmið kaupaukakerfisins eru í aðalatriðum þessi:

1. Auka virkni með bættri nýtingu vinnutíma, aðstöðu og tækja.
2. Stuðla að auknum tekjum starfsmanna.
3. Stuðla að betri skipulagningu, verkfyrirkomulagi og stjórnun.
4. Hvetja til sjálfstæðra skapandi vinnubragða og frumkvæðis starfsmanna.

3. gr. Lýsing á kaupaukakerfi

Kaupaukakerfið byggist á því, að auk umsamins tímakaups eða mánaðarkaupts fái starfsmenn greiddan kaupauka fyrir unnin verk.

Verðgildi kaupaukaeininga er kr. 107 frá 1. nóvember 2022.

Hjá bifreiðastjórum með tengi- eða festivagna reiknast 40 % álag á hverja einingu.

Kaupaukaeiningin tekur almennum launahækkunum.

Ætlast er til að báðir aðilar virði þau lög sem gilda um umferð og vinnutíma.

4. gr. Skráning kaupauka í efnisakstri

Bifreiðarstjórar skulu halda skrá um ekna kílómetra og ferðafjölda, ennfremur hvert og hvaðan ekið er, á þar til gerð eyðublöð. Útreikningarnir skulu vera í því formi að starfsmenn eigi auðvelt með að fylgjast með og endurreikna kaupaukann.

Fyrir hvert eftirfarandi atriði greiðist 1 kaupaukaeining:

- a. Hverja 20 km.
- b. Losun á farmi.
- c. Tenging við vagn.
- d. Tenging frá vagni.
- e. Pallur á bíl, (gámur, vatnstankur).
- f. Pallur af bíl, (gámur, vatnstankur).
- g. Hífting með bílkrana.
- h. Tenging bílkrana við bíl.
- i. Tenging bílkrana frá bíl.

5. gr. Kaupaukakerfi fyrir saltdreifingu og snjóruðning

1. Fjöldi kaupaukaeininga fyrir saltdreifingu og snjóruðning er fundinn þannig að uppsöfnuð stig eru margfölduð með stuðli samkv. 6. gr. Stigasöfnunartímabil er ein vika.
2. Fyrir hverja einingu er greitt samkvæmt 2. lið 3. gr.
3. Bifreiðarstjórar skulu halda skrá yfir ekna kílómetra og magn af salti á sama hátt og gert er í öðrum akstri. Auk þess skal skrá hvort unnið er við saltdreifingu með saltkassa "K", snjóruðning með snjótönn "T" eða við að ryðja og salta "K+T".
4. Stig sem safnast fyrir akstur við saltdreifinguna eru margfölduð með stuðli sem fundinn er úr meðfylgjandi töflu, fást þá kaupaukaeiningar til greiðslu, sjá fylgiskjal.
5. Markmið með kaupaukakerfinu er að dreifing á salti verði sem næst réttu magni miðað við aðstæður hverju sinni.
6. Saltdreifing miðast við eftirfarandi 4 skala sem taka mið af aðstæðum hverju sinni, sjá fylgiskjal.

A = 5 gr. m² Forsöltun eða ísing komin, léttskýjað. Hiti +2° til -0°

B = 10 gr m² Ísing komin, hætt við eljum. Hiti 0° til -5°

C = 20 gr m² Nýfallin fól eða lítilsháttar snjókoma, hætt við eljum. Hiti 0° til -5°

D = 30 gr m² Snjókoma eða mikill eljagangur. Hiti 0° til -5 °

6. gr. Stigagjöf bifreiðarstjóra

1. Halda skal stigum aðskildum fyrir hvern vakthóp.
2. Öll uppsöfnuð stig bifreiðarstjóra deilast milli þeirra, það er í jafn marga staði og fjöldi bílstjóra í vakthópi og í samræmi við viðveru þeirra á vaktinni.
3. Stigagjöf er fyrir hverja 10 km. sem eknir eru.
 - “T” Snjóruðningur. Stuðull 1,8 x km. / 10.
 - “K” Saltdreifing. Stuðull 1,95 x km. / 10.
 - “K+T” Söltun og snjóruðningur. Stuðull 2,30 x km. / 10.

Dæmi um útreikning ef eknir eru 100 km og dreift er 9.000 kg af salti:
$$\frac{\text{km} * 1,95 * \text{stuðull}}{10} = \frac{100 * 1,95 * 1,6}{10} = 31,2 \text{ kaupaukæiningar}$$

100 = Kílómetrar sem keyrðir eru hverju sinni, sjá gr.6.2.

1,95 = Stuðull fyrir söltun sjá gr. 6.2.

1,6 = Stuðull úr töflu sjá gr. 5.4.

10 = Kílómetrar og eru þeir alltaf 10 sjá gr.6.3.

4. Auk þess:
 - a. 2 stig fyrir fyrstu saltáfyllingu á vakt pr. bíl og 1 stig fyrir aðra áfyllingu. 0 stig eftir það.
 - b. 2 stig fyrir hverja fyllingu af saltþækli.
 - c. 2 stig fyrir að setja saltkassa á bíl.
 - d. 2 stig fyrir að taka saltkassa af bíl.
 - e. 2 stig fyrir að setja snjótönn á.
 - f. 2 stig fyrir að taka snjótönn af.
7. gr. **Stigagjöf skóflumanns og vinnuvélstjóra í snjóruðningi**
 - a. 0,9 af meðaltali saltdreifingar- og/eða snjóruðningsbónus bifreiðarstjóra.
 - b. Auk þess 1 stig fyrir hvern bíl sem mokað er á.
 - c. Auk þess 2 stig fyrir hverja klukkustund í snjóruðningi.
8. gr. **Stigagjöf vaktformanns**

Stigagjöf vaktformanns er meðaltal af bónusgreiðslu til undirmanna.
9. gr. **Kaupauki við veikindi og slys**

Kaupauki greiðist ekki í veikinda- og slysatilfellum en fastir starfsmenn, sem að staðaldri vinna samkvæmt samningi þessum, skulu í veikinda- og slysatilfellum halda dagvinnukaupi og kaupi vegna fastrar yfirvinnu í einn mánuð til viðbótar því sem samningar og lög kveða á um. Starfsmenn á fyrsta ári eiga rétt á þrem veikindadögum fyrir hvern unninn mánuð.
10. gr. **Samstarfsnefnd**

Skípuð skal samstarfsnefnd með tveim fulltrúum frá hvorum aðila. Fundir samstarfsnefndar skulu bókaðir. Hvor aðili getur boðað fleiri til funda, enda stuðli það að lausn mála. Fundir skulu haldnir, þegar annar hvor aðili óskar þess, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Hlutverk nefndarinnar er:

 7. að leysa ágreiningsefni sem upp kunna að koma á sanngjarnan hátt fyrir báða aðila.
 8. að gera tillögur ef ný viðhorf skapast á samningstímabilinu eða óvænt atvik ber að og ekki er séð fyrir í samningi þessum.

Starfstími samstarfsnefndar skal að jafnaði vera sá sami og gildistími samnings þessa.

Fylgiskjal Með samningi um kaupaukakerfi hjá Malbikunarstöðinni Höfða hf.

Magnstuðlar fyrir nákvæmni við saltdreifingu:

Tafla 1 skali A = 5 gr. m² og skali B = 10 gr. m²

Skali A = 5 gr. m ² kg á ekinn km.	Stuðull	Skali B = 10 gr. m ² kg á ekinn km.
0 til 0,5	0,0	0 til 1,1
0,6 til 1,7	0,1	1,2 til 3,5
1,8 til 2,9	0,2	3,6 til 5,9
3,0 til 4,1	0,4	6,0 til 8,3
4,2 til 5,3	0,5	8,4 til 10,7
5,4 til 6,5	0,6	10,8 til 13,1
6,6 til 7,7	0,7	13,2 til 15,5
7,8 til 8,9	0,9	15,6 til 17,9
9,0 til 10,1	1,0	18,0 til 20,3
10,2 til 11,3	1,1	20,4 til 22,7
11,4 til 12,5	1,2	22,8 til 25,1
12,6 til 13,7	1,3	25,2 til 27,5
13,8 til 14,9	1,5	27,6 til 29,9
15,0 til 16,1	1,6	30,0 til 32,3
16,2 til 21,4	1,7	32,4 til 42,9
21,5 til 22,7	1,6	43,0 til 45,5
22,8 til 24,0	1,5	45,6 til 48,1
24,1 til 25,3	1,3	48,2 til 50,7
25,4 til 26,6	1,2	50,8 til 53,3
26,7 til 27,9	1,1	53,4 til 55,9
28,0 til 28,2	1,0	56,0 til 58,5
29,3 til 30,5	0,9	58,6 til 61,1
30,6 til 31,8	0,7	61,2 til 63,7
31,9 til 33,1	0,6	63,8 til 66,3
33,2 til 34,4	0,5	66,4 til 68,9
34,5 til 35,6	0,4	69,0 til 71,3
35,7 til 36,9	0,2	71,4 til 73,9
37,0 til 38,3	0,1	74,0 til 76,7
38,4 og meira	0,0	76,8 og meira

Akstur í saltdreifingu er 79% af heildarakstri og dreifubreiddin reiknuð sem 6 m

Tafla 2 skali C = 20 gr. m² og skali D = 30 gr. m²

Skali C = 20 gr. m ² kg á ekinn km.	Stuðull	Skali D = 30 gr. m ² kg á ekinn km.
0 til 2,3	0,0	0 til 3,5
2,4 til 7,1	0,1	3,6 til 10,7
7,2 til 11,9	0,2	10,8 til 17,9
12,0 til 16,7	0,4	18,0 til 25,1
16,8 til 21,5	0,5	25,2 til 32,3
21,6 til 26,3	0,6	32,4 til 39,5
26,4 til 31,1	0,7	39,6 til 46,7
31,2 til 35,9	0,9	46,8 til 53,8
36,0 til 40,7	1,0	53,9 til 61,0
40,8 til 45,5	1,1	61,1 til 68,2
45,6 til 50,3	1,2	68,3 til 75,4
50,4 til 55,1	1,3	75,5 til 82,6
55,2 til 59,9	1,5	82,7 til 89,8
60,0 til 64,7	1,6	89,9 til 97,0
64,8 til 85,9	1,7	97,1 til 129,0
86,0 til 91,1	1,6	129,1 til 136,8
91,2 til 96,3	1,5	136,9 til 144,6
96,4 til 101,5	1,3	144,7 til 152,3
101,6 til 106,7	1,2	152,4 til 160,1
106,8 til 111,9	1,1	160,2 til 167,9
112,0 til 117,1	1,0	168,0 til 175,7
117,2 til 122,3	0,9	175,8 til 183,4
122,4 til 127,5	0,7	183,5 til 191,2
127,6 til 132,7	0,6	191,3 til 199,0
132,8 til 137,9	0,5	199,1 til 206,7
138,0 til 142,7	0,4	206,8 til 214,5
142,8 til 147,9	0,2	214,6 til 222,3
148,0 til 153,5	0,1	222,4 til 230,1
153,6 og meira	0,0	230,2 og meira

Akstur í saltdreifingu er 79% af heildarakstri og dreifubreiddin reiknuð sem 6 m

Malbikunarstöðin Höfði

Launatafla frá 1. nóvember 2022

Flokkur I	Byrjunarlaun 18 ára		1. sumar		2. sumar		3. sumar		4. sumar		5. sumar			
	408.206	1,0000	410.949	1,0000	415.952	1,0200	424.271	1,0200	432.756					
	2.355		2.371		2.400		2.448		2.497					
	4.239		4.268		4.320		4.406		4.494					
Flokkur II	411.077	1,0000	413.932	1,0000	419.141	1,0200	427.524	1,0200	436.074					
	2.372		2.388		2.418		2.467		2.516					
	4.269		4.299		4.353		4.440		4.529					
Flokkur III	Byrjunarlaun 18 ára		E. 4 mán		E. 1 ár há Höfða		E. 3 ár há Höfða		E. 5 ár há Höfða		E. 7 ár há Höfða		E. 9 ár há Höfða	
	408.206	1,0000	412.321	1,0000	418.939	1,0300	434.621	1,0300	452.714	1,0300	466.295	1,0300	480.284	
	2.355		2.379		2.417		2.507		2.612		2.690		2.771	
	4.239		4.282		4.351		4.514		4.701		4.842		4.988	
Flokkur IV	Á 1. ári		E. 6 mán		E. 1 ár há Höfða		E. 3 ár há Höfða		E. 5 ár há Höfða		E. 7 ár há Höfða		E. 9 ár há Höfða	
	429.829	1,0000	435.586	1,0000	443.566	1,0400	463.851	1,0350	484.948	1,0350	501.921	1,0350	519.488	
	2.480		2.513		2.559		2.676		2.798		2.896		2.997	
	4.464		4.524		4.606		4.817		5.036		5.212		5.395	

Samningur þessi byggir á sömu gildis- og endurskoðunarforsendum og aðalkjarasamningur Eflingar við SA. Samningurinn gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Desemberuppbót:	Orlofsuppbót:	Sérstök há Höfða
2022 98.000		
2023 103.000	2023 56.000	40.000